AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

Samkvæmt lögum nr. 66/1976 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku er taki gildi 1. janúar 1998:

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku nr. 318 6. júní 1996, með áorðnum breytingum:

Allir rafhitataxtar hækka um 1,7%.
Almennur taxti A1 lækkar um 4,2%.
Breytingin gildir frá og með 1. janúar 1998.

Iðnaðarráðuneytinu, 19. desember 1997.

F. h. r.
Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

Nr. 713 19. desember 1997

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, B-hluta.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 og orkulögum nr. 58/1967, sbr. reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451/1977, með síðari breytingum, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur er taki gildi 1. janúar 1998.

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, B-hluti, nr. 383 10. júní 1997, breytist þannig:
2. gr. Raforkugjöld lækka um 2,0%, önnur en B.2 Útilýsing, viðhaldsgjald.
3. gr. Heimtaugargjöld, mælaleiga, tengigjald, álestrargjald, innheimtugjald, verða óbreytt.

Iðnaðarráðuneytinu, 19. desember 1997.

F. h. r.
Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

Nr. 714 18. desember 1997

REGLUGERÐ

um (28.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Eftirfarandi nýtt eyðublað fyrir umsókn til lyfjanefndar ríkisins um leyfi til að nota lyf sem ekki hefur markaðsleyfi á Íslandi bætist við viðauka 1 við reglugerðina:

Umsókn til lyfjanefndar ríkisins um leyfi til að nota lyf sem ekki hefur markaðsleyfi á Íslandi (sbr. 4. og 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994). Samþykkt leyfi gildir sem lyfseðill og/eða pöntun.

Upplýsingar um lyfið

Umsækjandi (læknir, tannlæknir, dýralæknir, stofnun). Fullt póstfang.

☐ Lyfseðill fyrir sjúkling/eiganda dýrs — Afhendist apóteki

☐ Pöntun fyrir sjúkrahús/stofnun — Sendist til lyfjanefndar ef það á við

☐ Pöntun frá dýralækni

☐ Pöntun vegna klínískrar rannsóknar — Sendist beint til lyfjanefndar ríkisins

Virkt/virk efni (INN-heiti (ef þekkt))

Sérheiti

Lyfjaform

Styrkleiki virks efnis

Pakkningarstærð

Fjöldi pakkninga, sem sótt er um

Afgreiðist sinni / sinnum á daga fresti

Framleiðandi/innflytjandi

ATC-flokkun (ef þekkt)

Vörunúmer

Upplýsingar um sjúkling/stofnun/dýr

Heiti sjúklings/stofnunar/sjúkradeildar/dýralæknis/eiganda dýrs

Heimilisfang

Kennitala

Ábending

Skömmtun og notkunarleiðbeiningar

Fyrir dýralyf þarf að upplýsa um biðtíma fyrir afurðanýtingu, ef það á við.

Mjólk: Slátrun:

Apótek/sjúkrahúsapótek

Útskýringar og rök

Rökstuðningur fyrir ósk læknis um notkun lyfsins (við endurtekna umsókn þarf rökstuðningur að koma fram í hvert skipti)

Áritun og undirskrift

Undirrituðum er að fullu ljóst að sá sem ávísar lyfi sem ekki hefur verið metið af heilbrigðisyfirvöldum, tekur á sig ábyrgð gagnvart sjúklingi. Honum ber að sýna sérlega aðgát hvað varðar gæði, eiturefnafræði, lyfjafræði, klínísk áhrif og aukaverkanir lyfsins. Dýralæknir er einnig ábyrgur fyrir því að dýraeigandi sé upplýstur um biðtíma fyrir afurðanýtingu.

Dagsetn. Undirskrift læknis/tannlæknis/dýralæknis

Læknanúmer Nafn

(einnig skrifað með prentstöfum eða stimplað, sé umsækjandi annar)

Stimpill apóteks:

Umsögn lyfjanefndar

☐ Umsókn samþykkt

☐ Umsókn endursend vegna eftirfarandi:

☐ Ófullnægjandi upplýsingar um lyfið

☐ Ófullnægjandi rök fyrir notkun

☐ Umsókn hafnað vegna eftirfarandi:

☐ Sambærilegt sérlyf skráð

☐ Annað

Skýringar

Dagsetning F.h. lyfjanefndar ríkisins

Útgefandi eyðublaðs: Lyfjanefnd ríkisins, Eiðistorg 13-15, Pósthólf 180, 172 Seltjarnarnes Frumrit. Eintak lyfjanefndar

2. gr.

Eftirfarandi lyf er fellt úr viðauka 4 við reglugerðina:

Ephedrinum
Terfenadinum

3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarksmagn og/eða takmarkanir.	Dæmi um lyf og lyfjaform er selja má án lyfseðils.	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Levocabastinum	Augndropar. Í hverjum dropa 15 míkrog. Mest 4 ml handa einstaklingi.	**Livostin,** augndropar 0,5 mg/ml.	Samkvæmt ákvörðun lyfjanefndar ríkisins.
Lindanum (hexicidum)	Lyfjaform til útvortis notkunar, mest 10 mg/g eða 10 mg/ml (1%)	**Quellada,** hársápa	Samkvæmt ákvörðun lyfjanefndar ríkisins

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast gildi 1. janúar 1998.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 18. desember 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.

Nr. 715 22. desember 1997

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins er taki gildi 1. janúar 1998.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 365 24. júní 1996, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins fyrir smásölu og heildsölu orku hækkar um 1,7% með tveimur undantekningum:

Orkuverð vegna götulýsingar lækkar úr 7,75 kr. í 6,83 kr/kWh en við bætist nýr liður: viðhaldsgjald vegna götulýsingar 2,00 kr/kWh.

Orkuverð marktaxta hækkar að auki um 0,45 kr/kWh, en á móti er aukinn afsláttur á húshitun um sömu upphæð 0,45 kr/kWh.

Tengigjöld hækka frá sama tíma í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu frá janúar 1997 til janúar 1998.

Iðnaðarráðuneytinu, 22. desember 1997.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.